



DEILISKIPULAG SNJÓFLÓÐAVARNARGARÐA UNDIR  
BJÓLFSHLIÐUM Á SEYÐISFIRÐI

Deiliskipulagsbreyting

16.08.2023



## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt

1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af

heimastjórn Seyðisfjarðar

---

Deiliskipulagsbreytingin öðlaðist gildi með auglýsingu í B- Deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

### UPPLÝSINGAR

---

#### SKJALALYKILL

---

102766-GRG-001-V03

#### HÖFUNDUR

---

Kamma Dögg Gísladóttir

#### RÝNT

---

Anna Katrín Svavarsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030	4
2	DEILISKIPULAGSBREYTING	5
2.1	Greinargerð fyrir breytingu:	5
2.2	Greinargerð eftir breytingu:	5
3	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
3.1	Umhverfisþættir og viðmið	6
3.2	Valkostir og samanburður	7
3.2.1	Niðurstaða og mótvægisáðgerðir	8
4	KYNNING OG SAMRÁÐ	8
4.1	Umsagnaraðilar	8

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Yfirlit yfir minjar á framkvæmdarsvæði og mótvægisáðgerðir.	6
Tafla 2.	Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.	6
Tafla 3.	Samanburður umhverfisáhrifa.	7

## MYNDASKRÁ

Mynd 1.	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu.	4
---------	------------------------------------	---


## 1 INNGANGUR

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulagið Snjóflóðavarnargarðar undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði samþykkt 30.08.2021. Breyting er gerð á uppdrætti og greinargerð og tekur til svæðis ofan við nýtt húsbílastæði.

Breytingin felur í sér auknar snjóflóðavarnir í Bjólfshlíðum á Seyðisfirði. Markmiðið er að draga úr ofanflóðahættu á iðnaðar – og hafnarsvæðinu í fjarðarbotninum, með tilkomu snjóflóðavarnarkeilna. Þar sem aukinn flóðþungi færðist til norðurs yfir á mitt iðnaðar- og hafnarsvæðið með tilkomu Öldugarðs.

### 1.1 Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030

Samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari er unnið að breytingu á aðalskipulagi. Aðalskipulagsbreytingin felst í því að breyta landnotkun á þéttbýlisuppdrætti úr óbyggðu svæði í opið svæði til sérstakra nota n.t.t. nr. 10.Varnargarðar þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu varnarmannvirkja ofan við AF1.



Mynd 1. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu.

## 2 DEILISKIPULAGSBREYTING

Breyting deiliskipulags tekur til uppdráttar og greinargerðar. Á uppdrætti er skipulagssvæðið stækkað og gert er grein fyrir fyrirhuguðum snjóflóðavarnarkeilum. Breyting í greinargerð felst í textabreytingu á ákveðnum köflum sem snúa að því að gera grein fyrir áætluðum varnarkeilum.

### 2.1 Greinargerð fyrir breytingu:

#### Inngangur

Gert er ráð fyrir að gerðir verði þrjár nýjir varnargarðar; Bakkagarður, Fjarðargarður og Öldugarður. Með tilkomu varnargarðanna munu öll hús sem áður voru á hættusvæði C færast á hættusvæði A. Hönnun varnargarðanna miðast fyrst og fremst við að verja íbúðarbyggðina og gera svæðið að aðlaðandi útivistarsvæði.

#### 2.1 Afmörkun svæðis

Deiliskipulagssvæðið liggur vestan megin við þéttbýli Seyðisfjarðar, í sveitarfélaginu Múlaþingi. Svæðið er um 28 ha að stærð og nær yfir svæði undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði, rétt ofan við Bakkahverfi, Fjörð og Ölduna. Þar er áformað að reisa þrjá varnargarða, Bakkagarð, Fjarðargarð og Öldugarð.

##### 3.2.1 Varnargarðar

Byggðir verða þrjár varnargarðar, tveir leiðigarðar og einn þvergarður til að verja byggðina í Bakkahverfi, Firði og á Öldunni.

### 2.2 Greinargerð eftir breytingu:

#### Inngangur

Gert er ráð fyrir að gerðir verði þrjár nýjir varnargarðar; Bakkagarður, Fjarðargarður og Öldugarður ásamt 5 varnarkeilum norðan við Öldugarð. Með tilkomu varnargarðanna munu öll hús sem áður voru á hættusvæði C færast á hættusvæði A. Hönnun varnargarðanna miðast fyrst og fremst við að verja byggðina og gera svæðið að aðlaðandi útivistarsvæði. Hönnun varnarkeilanna miðast að því að draga úr snjóflóðahættu á iðnaðar- og hafnarsvæðinu í botni fjarðarins.

#### 2.1 Afmörkun svæðis

Deiliskipulagssvæðið liggur vestan megin við þéttbýli Seyðisfjarðar, í sveitarfélaginu Múlaþingi. Svæðið er um 28,7 ha að stærð og nær yfir svæði undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði, rétt ofan við Bakkahverfi, Fjörð og Ölduna. Þar er áformað að reisa þrjá varnargarða, Bakkagarð, Fjarðargarð og Öldugarð og fimm varnarkeilur norðan Öldugarðs.

##### 3.2.1 Varnargarðar

Byggðir verða þrjár varnargarðar, tveir leiðigarðar og einn þvergarður til að verja byggðina í Bakkahverfi, Firði og á Öldunni. Einnig verða byggðar 5 varnarkeilur norðan við Öldugarð.

- **Varnarkeilur;** byggðar verða 5 varnarkeilur. Hver keila er um 9 m að hæð, brött hlið með netgrindum snýr að fjalli en hliðar sem snúa í átt að byggð eru aflíðandi. Þær verða byggðar í tveimur röðum, 2 staðsettar ofar í hlíðinni og 3 neðar í hlíðinni þ.e.a.s nær höfninni. Hönnun miðast við að bæta öryggi á iðnaðar- og hafnarsvæðinu fyrir botni fjarðarins.

### 3.2.2 Efnisnám

Í varnarkeilurnar er áætlað að þurfi um 17.700 m<sup>3</sup> efni. Efnið verður tekið innan framkvæmdarsvæðis og/eða úr Skaganámu.

Í töflu í viðauka yfir skráðar minjar á svæðinu uppfærast mótvægisáðgerðir fyrir eftirfarandi minjar:

Tafla 1. Yfirlit yfir minjar á framkvæmdarsvæði og mótvægisáðgerðir.

NR.	HLUTVERK	TEGUND	HÆTTUMAT	MÓTVÆGISÁÐGERÐIR
44	Leið	Gata	mikil hætta	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð.
62	Matjurtagarður	Garðlag	hætta	Rannsókn gerð á minjastað og er nú lokið í samráði við Minjastofnun Íslands.
117	Skotgröf	Dæld	hætta	Uppmæling er fullnægjandi, herminjar eru ekki friðaðar.
118	Matjurtagarður	Garðlag	hætta	Rannsókn gerð á minjastað og er nú lokið í samráði við Minjastofnun Íslands.
119	Túngarður	Garðlag	hætta	Rannsókn gerð á minjastað og er nú lokið í samráði við Minjastofnun Íslands.

Að öðru leyti gilda skilmálar eldra deiliskipulags sem samþykkt var þann 30.08.2021.

## 3 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, skv. tl. 11.13 og 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða var unnin matsskyldufyrirspurn og skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 23. maí 2023 er fyrirhuguð framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### 3.1 Umhverfisþættir og viðmið

Við breytingu eru skoðuð áhrif á umhverfisþætti sem eru í töflu 1 hér að neðan.

Tafla 2. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruminjaskrá.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Vistgerðir og gróður</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Náttúruminjaskrá. Alþjóðlegir samningar.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á öryggi?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins? Hefur stefnan áhrif á búsetuval ?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi.

### 3.2 Valkostir og samanburður

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

1. **Valkostur I / Núllkostur – Gildandi deiliskipulag.** Felur ekki í sér auknar snjóflóðavarnir undir Bjólfshlíðum.
2. **Valkostur II – Breyting á deiliskipulagi.** Felur í sér auknar snjóflóðavarnir í Bjólfshlíðum með því að byggja 5 varnarkeilur norðan við Öldugarð.

Í töflu hér að neðan eru borin saman umhverfisáhrif metinna valkosta.

Jákvæð áhrif		Neikvæð áhrif		Óveruleg áhrif		Óviss áhrif	
--------------	---	---------------	---	----------------	---	-------------	---

Tafla 3. Samanburður umhverfisáhrifa.

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR	VALKOSTUR I
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Engin áhrif.	Neikvæð áhrif – ásýnd og einkenni svæðisins mun breytast með tilkomu varnarkeilanna.
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif – áhrif á vistgerðir eru staðbundin og ekki talin rýra verndargildi þeirra. Staðbundin áhrif og skerðing búsvæðis fugla og áreiði á framkvæmdartíma.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Neikvæð áhrif – aukin snjóflóðahætta á hafnarsvæðinu.	Óveruleg áhrif /jákvæð áhrif – tímabundin áhrif á hljóðvist á framkvæmdartíma. Framkvæmdin eykur öruggi á hafnarsvæðinu.
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i>	Neikvæð áhrif – öruggi á hafnarsvæðinu ekki tryggt.	Jákvæð áhrif – með framkvæmdinni er verið að tryggja öruggi á hafnarsvæðinu. Styður einnig við stefnu aðalskipulags að taka tillit til ofanflóðahættu.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Engin áhrif – kemur ekki til með að raska skráðum forleifum.	Neikvæð áhrif – fjórar minjar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

### 3.2.1 Niðurstaða og mótvægisáðgerðir

Sveitarfélagið Múlaþing vill heimila auknar snjóflóðavarnir á Seyðisfirði til að draga úr ofanflóðahættu á iðnaðar- og hafnarsvæðinu og stuðla þannig að öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag, þar sem það er eitt af markmiðum þess að taka fullt tillit til ofanflóðahættu. Helstu neikvæðu áhrifin af framkvæmdinni eru talin vera á gróðurfar, ásýnd og landslag. Því leggur sveitarfélagið áherslu á að frágangur framkvæmdarinnar verði til fyrirmyndar þ.e. gengið verði frá svæðinu þannig að röskuð svæði verði mótuð og viðeigandi uppgræðsla verði tilhöfð til þess að fella keilurnar sem best inn í landslagið. Einnig eru metin neikvæð áhrif á minjar og er lögð áhersla á að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem talið er þykja nauðsynlegar samkvæmt töflu 1. Þá skal takmarka hávaða vegna framkvæmda á svæðinu við tímamörk sem koma fram í töflu IV í viðauka reglugerðar nr. 724/208 um hávaða vegna nálægðar við íbúðabyggð. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við varnarkeilurnar hefjist síðsumars/haust 2023. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdatími þessarar framkvæmdar verði innan framkvæmdatíma snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum.

## 4 KYNNING OG SAMRÁÐ

Múlaþing vill hvetja íbúa og aðra hagsmunaraðila að koma með ábendingar/athugasemdir við breytinguna og senda þær í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar <https://skipulagsgatt.is/>.

### 4.1 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Ísland
- Náttúrustofnun Íslands